

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Rangárþingi ytra árið 2005.

1. gr.

Gjald fyrir undanþágu til hundahalds sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Rangárþingi ytra nr. 617/2004, skal á árinu 2005 vera kr. 9.700. Gjaldldagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða. Gjald vegna föngunar og vörslu lausra hunda er kr. 5.000. Innifalin er vinna, akstur, umsjón og búrleiga. Að auki greiðist annar útlagður kostnaður.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra 5. janúar 2005 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2005 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána 18. janúar 2005.

Hellu, 24. janúar 2005.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.